



## Fundargerð framkvæmdastjórnar KGRP

Þriðjudaginn 15. febrúar var annar fundur ársins 2022 haldinn í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Fundurinn hófst kl. 08:00 í Fossvogi. Mætt: Egill Heiðar Gíslason formaður, Kristján Guðmundsson varaformaður, Emilía G. Svavarsdóttir meðstjórnandi og Þórsteinn Ragnarsson forstjóri. Sr. Gísli Jónasson prófastur boðaði forföll. Forstjóri las ritningarlestur og fór með bæn.

Formaður setti fundinn og lagði fram dagskrá fundarins:

1. Fréttir af umsóknum um starf framkvæmdastjóra KGRP.
2. Rekstur KGRP árið 2021 – rekstrarreikningurinn.
3. Fjárhagsáætlun KGRP 2022 – fyrsta yfirferð.
4. Þjónustuhúsið í Kópavogskirkjugarði – staða framkvæmda.
5. Fundur með innanríkisráðherra um nýja bálstofu á Íslandi haldinn fimmtudaginn 17. febr. kl. 13:00 á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð.
6. Önnur mál.

-----

1. Ráðningarstofan Hagvangur var fengin til að sjá um ráðningarþjónustuna. Fram kom hjá fulltrúa Hagvangs að 12 hefðu sótt um stöðuna og margir álitlegir umsækjendur væru í þeim hópi, bæði karlar og konur. Umsóknartíminn er ekki liðinn og er gert ráð fyrir að fleiri bætist í hópinn. Framkvæmdastjórn KGRP mun ásamt fulltrúa Hagvangs hefja undirbúning að viðtölum við umsækjendur og velja þann umsækjanda sem hæfastur þykir. Stórn KGRP mun þá verða kölluð saman til að fjalla um þá tillögu sem framkvæmdastjórn teflir fram.
2. Forstjóri lagði fram óendurskoðað uppgjör bókhalds fyrir árið 2021 og voru niðurstaða rekstrarreiknings kynnt. Rekstrarafgangur fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld og án hlutdeildar í afkomu dótturfélags er um 6,2 m. kr. þrátt fyrir aukningu lífeyrisskuldbindinga um 50 m.kr milli árána 2020 og 2021. Sjóður KGRP um áramótin var 82 m.kr. þegar búið var að leggja til hliðar fé á móti lífeyrisskuldbindingunum.

3. Fyrsta yfirferð fjárhagsáætlunar var kynnt. Nokkrar tafir hafa orðið á vinnu við fjárhagsáætlunargerð vegna uppsagnar aðalbókara KGRP sem ráðin var í september sl. en lét af störfum um áramótin.

Nokkur halli er á áætluninni eins og hún liggur fyrir í vinnugögnum, þ.e. áætluð gjöld eru um 15 m.kr. umfram tekjur. Forstjóri sagði að niðurstaðan væri eins og oft áður, þegar búið væri að setja inn nauðsynlegar framkvæmdir í gördunum, viðhaldsaðgerðir á fasteignum o.fl., væru gjöldin ávallt vel yfir áætluðum tekjum stofnunarinnar. Áformað er að skila hallalausri fjárhagsáætlun og verður það því verkefni fram að næsta fundi að skera niður þar til jafnvægi næst milli tekna og gjalda.

4. Framkvæmdir við þjónustuhúsið í Kópavogskirkjugarði ganga betur þessar vikur en áður og er þess að vænta að verktakinn geti minnkað þær tafir sem orðið hafa á verkinu skv. greiðslu- og verkáætlun. Framkvæmdastjórn stefnir að því að fara á byggingarstað í tengslum við næsta fund og skoða húsið.
5. Rætt var um kynningarfund fimmtudaginn 17. febr. kl. 13:00 á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð sem haldinn verður með Jóni Gunnarssyni innanríkisráðherra um nýja bálstofu á Íslandi. Farið verður yfir skýrsluna sem kirkjugarðaráð lét gera um hönnun, byggingu og rekstur nýrrar bálstofu á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.